

Fólk úr fjarlægum héruðum hópaðist í kríng um litla gisti-húsið í Nulleparte og talaði ekki um annað en þessa undra-mynd,

“Stórkostlegt!” sagði það, “ljósið í myndinni er töfrandi,”

“Mér virðist fjöllin vera fagurrauð,” sagði einn,

“Rauð!” sagði annar, “þau voru næstum svört í mínum augum, það er dásamlega máluð mynd af þrumuveðri.”

“Þið farið báðir vilt,” sagði sá þriðji. “Bjarminn frá hinni hnígandi sól var alveg frábær. Eg skil ekkert í hvernig hann gat málað gullnu móðuna yfir enginu.”

Drengur, sem hafði staðið fyrir aftan hina, hvíslaði í eyra þess næsta: “Eg hefi verið þar á hverjum degi og séð myndina og hún er aldrei eins í eitt skifti og annað.”

Fólkið þyrptist utan um drenginn og augun ætluðu út úr höfðunum á því af forvitni.

“Það er mismunandi dag frá degi,” hélt hann áfram. “Einn daginn var það grátt og þokulegt, annan daginn var það bjart af sólskini og þriðja daginn var hvassviðri. Alltaf sama landslagið en í mismunandi veðri.”

“Það er ómögulegt,” kölluðu allir í einu hljóði.

“Það er þó satt,” sagði drengurinn.

“Hann hlýtur að mála það yfir á hverju kvöldi!”

“Við verðum að sjá myndina aftur!” sögðu þeir allir saman.

Svo tróðust þeir aftur upp á dimma loftið. eins margir í einu og mögulega gátu komist fyrir, Allan daginn og allan næsta dag var sífeldur straumur upp og ofan þrönga stigann. Jafnvel þeir sem annríkast áttu gáfu sér nú tíma til að skoða myndina í annað sinn; og Fanient hafði nóg að gera að taka á móti peningunum sem streymdu til hans eins og ísskrið í stór fljóti. Daginn eftir allir höfðu séð myndina í annað sinn komu þeir saman hjá litla gistihúsinu til að bera saman ályktanir sínar. Verslun og iðnaður lágu hvervetna í dái.

Einstaka maður þóttist hafa séð sömu myndina tvisvar en flestir höfðu séð hana algerlega umbreytta.

“Við hljótum að vera litblindir” sögðu sumir.